

Alþingi  
Erindi nr. **D** 126/2824  
komudagur 11.9.2001



Akureyrarbær


### Umsögn um frumvarp til raforkulaga.

Þann 29. maí sl. sendi iðnaðarnefnd Alþingis Norðurorku og Akureyrarbæ til umsagnar, frumvarp til raforkulaga, 719. mál, lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001.


Norðurorka og Akureyrarbær hafa fylgst með og tekið þátt í vinnu hjá Samorku varðandi athugasemdir við frumvarpið. Einnig höfum við sótt kynningafundi Iðnaðarráðuneytis um málið og haft samráð og samstarf við önnur veitufyrirtæki við gerð umsagnar þeirrar sem hér fylgir. Við erum sammála athugasemdum sem Samorka setur fram fyrir hönd meðlima sinna. Það sem hér fer á eftir eru sameiginlegar athugasemdir Akureyrarbæjar og Norðurorku. Annars vegar er um að ræða almennar athugasemdir og hins vegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Akureyri 7. september 2001

F.h. Akureyrarbæjar

  
Kristján Þór Júlíusson, bærjarstjóri

F.h. Norðurorku

  
Franz Arnason, framkvæmdarstjóri

### *Almennar athugasemdir*

Við teljum að þær áherslur ESB sem fram koma í “tilskipun” 96/92/EB frá 19. desember 1996 eigi ekki við í raforkukerfi af þeirri stærð og staðsetningu sem um íslenskt raforkukerfi gildir. Kerfið er einangrað frá öllum öðrum raforkukerfum og verður það að öllum líkindum næstu árin og hefur því ekkert með heildar innri raforkumarkað ESB að gera. Kerfið er lítið og notendur fáir. Í því sambandi er rétt að hafa í huga 3. tl. 24. gr. “tilskipunarinnar”, þar sem fram kemur að aðildarríki geti sótt um undanþágu frá ýmsum ákvæðum “tilskipunarinnar”, ef þau geta sýnt fram á að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla *einangraðra* kerfa.

Í frumvarpinu er vikið frá stærðarmörkum “tilskipunarinnar” að því er virðist til að reyna að aðlaga smæð kerfisins að reglum EB sem gilda fyrir a.m.k 1000 sinnum stærra heildarkerfi.

Þetta má t.d. sjá á því að *væntanleg* krafa EB (hér er vert að íhuga hvers vegna íslensk stjórnvöld vilja ganga lengra í fyrirtækjaaðskilnaði en þarf) um frekari fyrirtækja aðskilnað en nú er í “tilskipuninni”, mun ekki taka til fyrirtækja sem hafa minna en 100.000 viðskiptavini.

Í I. kafla frumvarpsins, sem fjallar um markmið og gildissvið, kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu o.s.frv. Ekki eru færð fram sterk rök fyrir því í skýringum við 1. gr. að óbreytt skipulag raforkumála sé verra en sú nýskipan sem lögð er til frá þessum sjónarhóli. Ekki verður fullyrt að breytingar í raforkumálum annarra ríkja hafi endilega leitt til almennrar lækkunar raforkuverðs í viðkomandi ríkjum. Sumsstaðar hefur raforka til almennings hækkað verulega í verði umfram það sem raforkuverð hefur hækkað á sama tímabili hérlendis. Má í því sambandi vísa til Noregs sbr. fylgiskjal nr.1. Til að ná fram því frelsi og þeirri hagræðingu sem kann að felast í samkeppni í raforkuframleiðslu má fara aðrar leiðir og verður komið að því síðar. Það er mat okkar, að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir muni auka kostnað í rekstri raforkufyrirtæja umtalsvert, sem aftur leiðir til hærri orkuverðs. Þessa ályktun má m.a. draga af ákvæðum frumvarpsins um fyrirtækjaaðskilnað, sbr. nánar umfjöllun hér að aftan.

Um II. kafla frumvarpsins, raforkuvinnslu, er það að segja að leyfisferlið er of skilyrt. Almennar reglur um stofnun og rekstur atvinnustarfsemi (fyrirtækja) ættu að vera fullnægjandi. Stærðarmark virkjunar sem leyfi þarf fyrir er þrengra en “tilskipun” EB gerir ráð fyrir. Hér hefur áður nefndri deilingu verið beitt. Virkjunarleyfistíminn, 50 ár, er of stuttur þegar vatnsafls eða jarðvarmavirkjanir eiga í hlut, enda virkjanir oft byggðar í áföngum sem gæti haft í för með sér vandkvæði við endurnýjun leyfa. Telja verður heppilegra að leyfin séu ótímabundin, en falli úr gildi þegar leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði laga og reglna.

**Þá er það eindregin skoðun okkar að allar starfandi veitur, sem eru sjálfstæðir lög- og skattaðilar, eigi að hafa heimild til raforkuframleiðslu, með því skilyrði þó, að kostnaði vegna raforkuframleiðslu verði haldið aðskildum í bókhaldi.** Þannig sitja allir við sama borð og ákvæði um að ráðherra megi víkja frá aðskilnað, vegna veitna sem reka jarðvarmaorkuver, eru óþörf og raunar óeðlileg.

Um III. kafla frumvarpsins, flutning, er það skoðun okkar að ekki eigi að skipta flutningi í meginflutningskerfi, 3. gr. liður 10, og flutningskerfi, 3. gr. liður 7, heldur verði um eitt flutningskerfi að ræða frá 30 kV spennu og upp úr. Fylgiskjal 2.

Þ.e.a.s. flutningskerfið nái í stórum dráttum til allra þéttbýliskjarna og að stefnt verði að því, að sama verð verði til dreifiveitna á öllum “aftöppunarstöðum”.

Til þess að koma þessu á er nægilegt að núverandi eigendur þeirra flutningslína sem um ræðir stofni fyrirtæki, skv. settum lögum þar um, um rekstur kerfisins.

Fyrirtækinu verði skylt að flytja raforku frá þeim framleiðendum sem þess óska án mismununar. Gjaldskrá fyrir flutningskerfið þarf að lúta einhverskonar opinberu eftirliti, t.d. Orkustofnunar. Við teljum þá leið heppilegri en þá sem gert er ráð fyrir í 8. gr. kaflans, þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra tilnefni flutningsfyrirtækið, en slíkt er lítt í anda frjálsræðis og til þess fallið að vekja tortryggni og deilur. A.m.k. verður að gera þá kröfu, verði sú leið valin, að einhverjar leiðbeiningar komi fram í lögnum, sem ráðherra ber að styðjast við þegar flutningsfyrirtækið er valið.

Um IV. kafla; dreifingu, er það að segja að **við leggjum megin áherslu á að þeim sameinuðu og litlu (a.m.k. samkvæmt skilgreiningu í “tilskipun” EB) veitum þar sem sýslað er með orku og vatnsframleiðslu, dreifingu og sölu framleiðslunnar verði ekki gert að skipta sér upp nema með bókhaldslegum aðskilnaði. Krafan um fyrirtækjaaðskilnað er vægast sagt sérkennileg þegar haft er í huga að “tilskipunin” gerir ekki ráð fyrir henni, sem og vegna smæðar markaðsins hér á landi. Þá er ljóst að krafan um fyrirtækjaaðskilnað gerir rekstur lítilla fyrirtækja mjög óhagstæðan, sem leiðir til hærra orkuverðs og hugsanlegrar fækkunar samkeppnisaðila.**

Flestar svæðisveitur hérlendis eru þessarar gerðar og með þessu móti hefur náðst fram sparnaður sem ekki má spilla með ónauðsynlegum kvöðum af hálfu stjórnvalda. Heimild ráðherra til að breyta mörkum dreifiveitu á leyfistíma er óeðlileg. Slíkt verður að gerast með frjálsum samningum.

Kafla V. um “raforkuviðskipti”. Stofnun sérstakra fyrirtækja og færsla á raforkusölu til annarra en viðkomandi dreifiveitu tryggir ekki hagsmuni neytenda, gerir uppgjör ekki gegnsærra og verður væntanlega, vegna smæðar markaðsins, síst til að lækka verð. Eðlilegt er að núverandi dreifiveitur megi annast sölu áfram.

Kafla VI. um skyldur landeigenda. Eignarnáms og bótaákvæði. Við þennan kafla eru ekki athugasemdir.

Kafla VII. Eftirlit og úrræði. Í kaflanum er verið að leggja til að búinn verði til nýr eftirlitsaðili hjá Orkustofnun. Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir því að það þurfi sérstaka stofnun til að hafa eftirlit með orkufyrirtækjum. Eðlilegt er að samkeppnisstofnun hafi eftirlit með viðskiptalegum þáttum orkufyrirtækjanna en Löggildingarstofa með tæknilegum þáttum, á grundvelli laga um raforkuvirki, mál, vog og faggildingu, til samræmis við aðrar atvinnugreinar. Þá þarf að endurskoða gjaldtöku þannig að eftirlitskostnaður byggji á raunkostnaði, en ekki á föstu gjaldi sem ákveðið er í lögum, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Kafla VIII. Um almenn ákvæði um leyfisveitingar. Ekki eru athugasemdir við kaflann.

Kafla IX. Ýmis ákvæði. Ekki eru aðrar athugasemdir við kaflann en þær að í 45. gr. er áætlað að hrinda lögnum í framkvæmd 1. júlí 2002 sem er of skammur tími.

*Ákvæði til bráðabirgða.* Í athugasemdum okkar er ekki gert ráð fyrir uppskiptingu fyrirtækjanna (svæðisveitnanna) og að þeim verði áfram heimiluð raforkusala því er fyrri hluti ákvæðis til bráðabirgða í hluta IV. óþarfur og síðari hluta ákvæðisins þarf að endurskoða.

Það er álit Akureyrarbæjar og Norðurorku að ekki séu líkur á að frumvarpið verði til þess að auka skilvirkni og lækka þar með raforkuverð almennt. Allt það opinbera eftirlit sem gert er ráð fyrir kostar verulega fjármuni. Kröfur um að kljúfa núverandi veitur upp munu einnig kosta mikið í framtíðinni og gæti einnig orðið til þess að eftir örfá ár yrðu aðeins örfáar og markaðsráðandi veitur eftir í landinu, fákeppni mundi ríkja í stað samkeppni. Ekki eru aðrir til að greiða þennan kostnað en raforkukaupendur og því eins og áður er fram komið líklegt að raforkuverð hækki að minnsta kosti hjá almenningi og öðrum minni notendum. Eins og fram hefur komið fyrr í umsögn þessari teljum við ekki að sá ætlaði árangur né sú grunnhugsun sem fellst í “tilskipun” EB eigi við héraendis. Því er óeðlilegt að feta í fótspor EB og annarra þjóða sem komið hafa á svokölluðu frelsi í raforkumálum, án þess að gefa sér tíma og hugsa hvert skref vandlega með tilliti til héraendra aðstæðna. Gera hefði þurft ýtarlega könnun á því hvort EB er yfirleitt þeirrar skoðunar að Íslendingum sé skylt að fara eftir “tilskipun” 96/92/EB meðan okkar kerfi er alfarið ótengt öðrum raforkukerfum og því ekki hluti af sameiginlegum markaði, sem virðist grundvallar forsenda fyrir ýmsum ákvæðum “tilskipunarinnar”. Einnig teljum við óeðlilegt að reyna að aðlaga íslenskar aðstæður þeim aðstæðum sem ríkja í samtengdum raforkukerfum í Evrópu og Ameríku með smækkun allra ákvæða “tilskipunar” EB.

Við leggjum til að fyrstu skrefin í átt að aðlögun að “tilskipun EB” verði að gefa frelsi til framleiðslu á raforku bæði núverandi og nýjum aðilum að stofna flutningsfyrirtæki sem sé skylt að annast raforkuflutninga samkvæmt samþykktri gjaldskrá og láta þar við sitja að sinni.

Fari svo að lög verði sett á grunni framlagðs frumvarps telja Norðurorka og Akureyrarbær að hið minnsta þurfi að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

## I. KAFLI Markmið og gildissvið.

### *1. grein*

Lagt er til að 1. gr. hljóði þannig:

#### *1. gr. Markmið.*

*Markmið laga þessara er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda og samkeppni í vinnslu raforku.*

“Þjóðhagsleg hagkvæmni” er óljóst og óskýrt hugtak, sem ekki er ástæða til hafa í greininni. Þá eru umhverfissjónarmið og hagsmunir neytenda tryggðir í öðrum lögum, sbr. t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og samkeppnislög nr. 8/1993.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við 2. gr.*

### 3. grein

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er ekki gert ráð fyrir meginflutningskerfi og 10. liður 3. gr. fellur því niður.

## II. KAFLI Raforkuvinnsla.

### 4. grein

Lagt er til að 4 gr. hljóði þannig:

#### 4. gr.

##### *Veiting virkjunarleyfis.*

*Ráðherra gefur út leyfi til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver að uppfylltum skilyrðum laga. Þó þarf ekki leyfi ráðherra vegna raforkuvera með afli sem er undir 5 MW. Skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu með afli undir fyrrgreindu marki ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.*

*Virkjunarleyfi fellur úr gildi fimm árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og tíu árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.*

*Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á grundvelli leyfis þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða fengið heimild til eignarnáms skv. 23. gr. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 120 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.*

Gildistími virkjunarleyfis er felldur út, sbr. það fram kom í almennum athugasemdum hér að framan.

Sá tími sem ætlaður er til að ná samkomulagi við landeigendur er of skammur og til þess fallinn að auka líkurnar á að eignarnámsleiðin sé farin. Slíkt getur varla talist heppilegt. Á það skal minnt að Hæstiréttur hefur gert nokkuð strangar kröfur til samkomulagstilrauna áður en farið er í eignarnám. Þar sem ákvæðið tekur einnig til þjóðlenda, vakna upp spurningar hvernig með skuli fara þegar ágreiningur er um eignarrétt, en ljóst er að á næstu árum, jafnvel áratugum, má reikna með töluverðum ágreiningi vegna þessa.

## 5. grein

Lagt er til að 5 gr. hljóði þannig:

### 5. gr.

#### *Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.*

*Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Handhafi virkjunarleyfis skal halda aðskilið bókhald vegna sérleyfisstarfsemi á orkusviði og annarra rekstrarþátta.*

*Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins, sem og skilyrði er falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.*

*Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á vatnasviðinu. Ef ekki nást samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnarsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum jarðgufuvirkjunum sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Hann skal í umsókn sinni sýna fram á að skilyrðum fyrir útgáfu leyfis sé fullnægt.*

Þó svo að fram komi í almennum athugasemdum okkar andstaða við fullan fyrirtækjaaðskilnað látum við eftirfarandi fylgja til frekari áherslu:

Lagt er til að felld verði út bann við því að virkjunarleyfishafi megi stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Í frumvarpinu er gengið mun lengra en tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/96 segir til um. Þá eru engar horfur á að því verði breytt í framtíðinni fyrir jafn litlar veitur og eru hér á landi. Ekki verður séð að neinar þær aðstæður séu hér á landi sem krefjast þess að lengra sé gengið hvað varðar aðskilnað dreifingar, framleiðslu og sölu heldur en í öðrum löndum EES samningsins. Þvert á móti er margt sem bendir til hins gagnstæða, framleiðsla er óvenju einsleit og ekki gert ráð fyrir uppskiptingu hennar í frumvarpinu eins og gert var víðast annarstaðar þar sem svo var ástatt, fyrirtækin eru mjög lítil og starfsemi samreknu veitnanna hér frekar flókin vegna hitaveitukerfanna. Það er mjög dýrt fyrir veiturnar að skipta sér upp með fyrirtækjaaðskilnaði, sérstaklega með þeirri stífu kröfu um stjórnarmannaaðskilnað og sjálfstæði sem gerð er. Slík uppskipti kalla á að öllum stoðeildum verði skipt upp, svo sem kerfiráð, innheimtu, bókhaldi, tæknideildum, framkvæmdadeildum, gæðadeild o.s.frv. Fyrirtækjaaðskilnaður kallar á aukinn mannskap, húsnæði o.s.frv. sem einnig kallar á stóraukinn kostnað, sem aftur leiðir til hærra orkuverðs til kaupenda.

Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir fyrirtækjaaðskilnaði nema e.t.v. að auðveldara sé að koma í veg fyrir flutninga fjármagns frá einokunarþætti yfir í samkeppnisgrein. Sú forsenda er hins vegar misskilningur, ef eitthvað er þá er einfaldara að rekja streymi peninganna þegar um eitt upplýsingakerfi er að ræða. Bókhaldslegur aðskilnaður er því fullkomlega nægjanlegur og allavega enginn ástæða til að flýta sér um of yfir í fyrirtækjaaðskilnað. Gert er ráð fyrir því að sama regla gildi um rekstur jarðvarmaorkuvers sem bæði vinnur raforku og heitt vatn.

6. grein

Lagt er til að 6. gr hljóði þannig:

6. gr.

*Efni virkjunarleyfis.*

*Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:*

1. *Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.*
2. *Afmörkun virkjunarsvæðis.*
3. *Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, annarra opinberra eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.*

*Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi tilteknar forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.*

Þau ákvæði frumvarpsins sem felld eru út, s.s. frágangur á starfsstöð og landi, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eru ekki nauðsynleg þar sem tekið er á þessum þáttum í öðrum lögum/reglum.

7. grein

Lagt er til að 7. gr hljóði þannig:

7. gr.

*Skyldur vinnslufyrirtækja.*

*Skylt er að tengja virkjun stærri en 5 MW flutningskerfinu. Ráðherra getur þó vikið frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á.*

*Í þeim tilvikum þegar samningur skv. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. nægir ekki til að kerfisstjóri geti stillt saman raforkuþörf og raforkuframboð skulu vinnslufyrirtæki breyta vinnslu virkjana sinna eftir kröfum kerfisstjóra. Vinnslufyrirtæki skal fyrirfram semja við kerfisstjóra um greiðslu fyrir þá orku.*

Síðasta setningin varðandi innra eftirlitskerfi falli út, enda tryggt í öðrum lögum og reglugerð.

III. KAFLI  
**Flutningur.**

8. grein

Lagt er til að 8. gr. hljóði þannig:

8. gr.

*Starfssvið og skyldur kerfisstjóra.*

*Flutningur raforku frá framleiðanda til dreifiveitu skal vera í höndum sérstaks fyrirtækis sem á og rekur flutningslínur frá 30 kV spennu og upp úr. Núverandi eigendum þeirra flutningslína sem hér um ræðir, ber að stofna fyrirtæki um rekstur kerfisins, þar sem eignarhlutdeild ræðst af framlagi hvers og eins. Flutningsfyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili má ekki stunda aðra starfssemi en nauðsynlegt er til að það geti rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Flutningsfyrirtækið skal annast kerfisstjórn. Eftirlit með því að flutningsfyrirtækið efni skyldur sínar og að flutningskerfið sé nægilega öruggt hefur Orkustofnun.*

*Ef kerfisstjóri er hluti annars fyrirtækis skal hann vera með aðskilið bókhald og stjórnunarlega sjálfstæður.*

*Kerfisstjóri ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í kerfisstjórnun felst m.a. að:*

- 1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki svo að hægt sé að mæta þessum frávikum.*
- 2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafis.*
- 3. Ákvarða notkunarferla fyrir einstaka notendahópa þar sem aflmæling fer ekki fram.*
- 4. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í við skiptum með raforku.*

*Kerfisstjóri skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að hann geti rækt hlutverk sitt.*

*Kerfisstjóri skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og gæta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmunum notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.*

*Orkustofnun skal ákvarða gjaldskrá vegna kerfisstjórnunar. Skal hún taka mið af kostnaði við kerfisstjórn og leggjast jafnt á allar kWh sem fluttar eru í kerfinu. Gjaldið skal miðast við innmötun í kerfið og greiðist af framleiðendum.*

*Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber kerfisstjóra að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu út færð í reglugerð.*

*Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi kerfisstjóra svo og á hvern hátt honum ber að stýra framleiðslu almennt.*

Í almennu athugasemdunum hér að framan er gert ráð fyrir því að núverandi eigendur flutningskerfisins stofni fyrirtæki um rekstur kerfisins, til að tryggja að slíkt sé gert er pósitívt ákvæði þess efnis.

Ef haldið er fast við þá leið, að ráðherra velji fyrirtækið, verða lögin að tilgreina þau sjónarmið sem slíkt val byggir á, þannig valið geti ekki byggt á geðþótta ráðherra.

## *9. grein*

Lagt er til að 9. gr. hljóði þannig:

### *9. gr.*

*Starfssvið og skyldur eiganda flutningsfyrirtækisins.*

*Flutningsfyrirtækið skal annast alla raforkuflutninga, nema þar sem ráðherra hefur ákveðið annað sbr 7. gr. Flutningskerfið þjónar þeim tilgangi að tryggja flutning raforku um landið og tryggja jafna aðstöðu framleiðenda og kaupenda í frjálsri samkeppni. Flutningskerfið skal byggja upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni og áreiðanleika afhendingar.*

*Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:*

*1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæða kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma.*

*2. Útvega rafmagn í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.*

*3. Útvega launafl fyrir kerfið.*



4. *Mæla það rafmagn sem afhent er í samræmi við reglur þar að lútandi og tryggja nákvæmar mælingar á því rafmagnni sem afhent er.*

5. *Að viðhalda flutningsvirkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau.*

Þar sem lagt er til að flutningur verði í höndum sérstaks fyrirtækis fellur 10. gr brott.

Ekki eru athugasemdir við 11. gr. að öðru leyti en því, að söluaðila verði bætt við sem hugsanlegum umsækjanda um sérstakt leyfi til að reisa flutningsvirki. Líklegra að söluaðili komi að slíkri leyfisumsókn, fremur en notandi, enda verður að telja líkur fyrir því að notandi komi fram með beiðni, líkt og hér um ræðir, til söluaðila.

Ekki eru athugasemdir við 12. gr.

#### IV. KAFLI Dreifing.

##### 13. grein

Lagt er til að 13. gr. hljóði þannig:

##### 13. gr.

##### *Sérleyfi til dreifingar.*

*Leyfi ráðherra þarf til að reisa og/eða reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur til dreifingar á viðkomandi svæði.*

*Mörk dreifiveitusvæða skulu skilgreind í reglugerð. Heimilt er ráðherra að breyta skilgreiningu dreifiveitusvæðis á gildistíma leyfis ef sérleyfishafar óska þess.*

Hér er heimild ráðherra til að breyta einhliða mörkum dreifiveitu þrengd, enda gæti slíkt gjörbreytt rekstri viðkomandi dreifiveitu og hugsanlega skapað bótarétt.

Hér má einnig setja spurningarmerki við þá kvöð sem lögð er á dreifiveitu, þ.e. að leyfi þurfi til að hætta rekstri. A.m.k. þarf að tilgreina hvað getur staðið í vegi fyrir því að slíkt leyfi sé ekki veitt, þannig ráðherra hafi ekki óbundnar hendur hvað það varðar.

##### 14. grein

Lagt er til að 14. gr. hljóði þannig:

##### 14. grein

##### *Skilyrði sérleyfis.*

*Dreifikerfi raforku þarf að vera bókhaldslega aðskilið frá annarri starfsemi.*

Í almennum athugasemdum leggjum við mikla áherslu á að ekki þurfi að skipta núverandi veitum upp nema í mesta lagi bókhaldslega og viljum við leggja enn frekari áherslu á þetta með eftirfarandi:

Í frumvarpinu er gengið mun lengra en tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/96 segir til um. Einnig eru engar horfur á að því verði breytt fyrir jafn litlar veitur og eru hér á landi. Ekki verður séð að neinar þær aðstæður séu hér á landi sem krefjast þess að lengra sé gengið hvað varðar aðskilnað dreifingar, framleiðslu og sölu heldur en í öðrum löndum Evrópusambandsins. Þvert á móti er margt sem bendir til hins gagnstæða, framleiðsla er óvenju einsleit og ekki gert ráð fyrir uppskiptingu hennar í frumvarpinu eins og gert var víðast annarstaðar þar sem svo var ástatt, fyrirtækin eru mjög lítil og starfsemi samreкну veitnanna hér frekar flókin vegna hitaveitukerfanna. Það er mjög dýrt fyrir veiturnar að skipta sér upp með fyrirtækjaaðskilnaði, sérstaklega með þeirri stífu kröfu um stjórnarmannaaðskilnað og sjálfstæði sem gerð er. Slík uppskipti kalla á að öllum stoðeildum verði skipt upp, svo sem kerfisráði, innheimtu, bókhaldi, tæknideildum, framkvæmdadeildum, gæðadeild o.s.frv. Fyrirtækjaaðskilnaður kallar á aukinn mannskap, húsnæði osfrv. sem einnig kallar stóraukinn kostnað.

Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir fyrirtækjaaðskilnaði nema e.t.v. að auðveldara sé að koma í veg fyrir flutninga fjármagns frá einokunarþætti yfir í samkeppnisgrein. Sú forsenda er hins vegar misskilningur, ef eitthvað er þá er einfaldara að rekja streymi peninganna þegar um eitt upplýsingakerfi er að ræða. Bókhaldslegur aðskilnaður er því fullkomlega nægjanlegur og allavega engin ástæða til að flýta sér um of yfir í fyrirtækjaaðskilnað.

Í greininni er gerð krafa um að mismunandi dreifiveitusvæði séu aðskilin í bókhaldi. Ekki verður séð að nein ástæða sé til að gera þá kröfu í lögum heldur að hverri dreifiveitu sé í sjálfsvald sett hvort þörf sé á slíkum aðskilnaði.

Rétt er að benda á að í fjarskiptarekstri hefur löggjafinn ekki séð ástæðu til að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar. Þá telja fulltrúar samkeppnisstofnunar ekki þörf á slíkum aðskilnaði á raforkumarkaðnum.

Aðrir liðir 14. gr. eru ágætlega tryggðir í 15. gr.

#### *15. grein*

Lagt er til að 15. gr. hljóði þannig:

#### *15. grein*

##### *Efni sérleyfis.*

*Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:*

- 1. Gildistíma leyfis ef leyfið er tímabundið.*
- 2. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.*
- 3. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.*

*Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.*

Aðrar greinar sem eru í 15. gr. frumvarpsins er er lagt til að falli út.

#### *16. grein*

Lagt er til að 16. gr. hljóði þannig:

#### *16. grein*

*Starfsvið og skyldur dreifiveitna.*

Dreifiveitur annast dreifingu raforku á dreifiveitusvæði sínu. Þær skulu viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Dreifiveitum er m.a. skylt að:

1. Tengja alla þá notendur sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma. Dreifiveitum er heimilt að grípa til sérsamninga við viðskiptavinum sem eru óhefðbundnir.
  2. Útvega rafmagn í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.
  3. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem þær afhenda eða taka við í samræmi við reglur þar að lútandi. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingum.
  4. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort þær fullnægi skyldum sínum.
  5. Gæta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmunum notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- Dreifiveitur geta kráfið þess að notkun einstakra notenda sé aflmæld. Notendur geta farið fram á aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.
- Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.
- Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna.

17. grein.

Lagt er til að 17. grein hljóði þannig:

#### 17. gr. Gjaldskrá.

Gjaldskrá vegna dreifingar skal setja í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur vikum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Birta skal gjaldskrána opinberlega í Lögbirtingablaðinu.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk vegna dreifikerfisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi þess, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, fjármagnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi sem skal að jafnaði vera milli 2 og 15% raunávöxtun. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar. Hagræðingarkrafa Orkustofnunar skal gerð á 5 ára fresti.
4. Komi í ljós að tekjur fyrirtækisins síðastliðin þrjú ár eru hærra eða lægri en ákvörðuð tekjumörk á tímabilinu, sbr. 1. tölul., eða arðsemi síðastliðinna þriggja ára er utan marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

*Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.*

*Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.*

## V. KAFLI Raforkuviðskipti.

*18. grein.*

Lagt er til að 18. grein hljóði þannig:

*18. gr.*

*Leyfi til að stunda raforkuviðskipti*

*Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Þær dreifiveitur sem við gildistöku laganna annast sölu raforku skulu hafa til til þess leyfi áfram, enda uppfylli þær skilyrði þessara laga. Söluþátturinn skal aðskilinn í bókhaldi. Söluaðilar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði fyrir útgáfu leyfis:*

- 1. Leyfi til nýrra söluaðila verður einungis veitt sjálfstæðum lög- og skattaðilum.*
- 2. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.*

*Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.*

Hér er ítrkuð sú afstaða er fram kemur í almennum athugasemdum okkar að óhagkvæmt sé að kljúfa upp núverandi dreifiveitur. Nýjar kröfur í lögum til að stunda raforkuviðskipti geta hugsanlega valdið því að starfandi fyrirtæki megi ekki halda áfram rekstri, en ýmsar spurningar kunna að vakna vegna þess, s.s. hvort lögin taki til slíkra aðila, hvort slíkir aðilar geti öðlast bótarétt o.s.frv.

*19. grein.*

Lagt er til að 19. grein hljóði þannig:

*19. gr.*

*Skyldur sölufyrirtækja.*

*Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:*

- 1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.*
- 2. Söluaðili ber ábyrgð á raforkuviðskiptum og tilkynningu þeirra til dreifiaðila og flutningsaðila.*
- 3. Veita stjórnvöldum upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.*
- 4. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.*

*Dreifiveitu er skylt að selja raforku öllum þeim er sem þess óska á dreifiveitusvæði hennar.*

*Óski kaupandi/seljandi eftir því að gerður verði skriflegur sölusamningur, ber að gera slíkan samning.*

Lagt er til að 2. tl. verði breytt. Óþarfi er að skylda söluaðila til að gera skriflega samninga. Slíkt mun auka kostnað og virka samkeppnishamlandi. Hverjum söluaðila/kaupanda ætti að vera í sjálfsvald sett hvort hann telur þörf á skriflegum samningum.

Lagt er til að 5 tl. verði felldur niður.

*20. grein.*

Lagt er til að 20. grein hljóði þannig:

*20. gr.*

*Orkusölusamningar.*

*Óheimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest en 3 mánuði við kaupendur sem árlega nota minna en 0,5 GWst.*

*Áður en breytt er um söluaðila skal hafa farið fram álestur. Ekki er hægt að breyta um söluaðila nema gengið hafi verið frá uppgjöri við fyrri söluaðila.*

*Vanefnd á orkusölusamningi heimilar riftun samnings, enda hafi vanefndin staðið lengur en í 45 daga.*

*Nánari reglur um samskipti dreifiveitna, söluaðila og viðskiptavinar skulu settar í reglugerð.*

## VI KAFLI

### **Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.**

Ekki eru sérstakar athugasemdir við VI kafla.

## VII. KAFLI

### **Eftirlit og úrræði.**

Ekki eru sérstakar athugasemdir við kaflan umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar.

## VIII. KAFLI

### **Almenn ákvæði um leyfisveitingar**

Ekki eru sérstakar athugasemdir við kaflan umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar.

## IX. KAFLI

### **Ýmis ákvæði**

Ekki eru sérstakar athugasemdir við kaflan umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum okkar.

# Fakturagrunnlag



Málernr: 00171451  
 Anlnr/MálepktID: 12820051B 018  
 Anleggsadr: Ladegårdsgaten 51B  
 Anl.beskr: Etg.: 02 Leil.: venst  
 Forbruk i perioden 03.05.2001 til 02.07.2001 målerstand fra 69847 til 70537 <sup>1)</sup>  
 Fastbeløpsperiode fra 03.05.2001 til 01.07.2001  
<sup>1)</sup> Målerstand er stipulert fra avl.dato.

= 690 KWH  
 = 59 dager

KRAFTAVTALE: Flytende Kraft

NETTLEIEAVTALE: Overføring, energimålt O10

Tekst	Periode	Forbruk	Pris	Sum/kr	Gjeldende priser inkl. avgifter pr. 18.07.2001:	
Kraftpris	03.05.01-24.05.01	302 kWh	40,920 øre/kWh	123,70	Fastbeløp kraft	288,00 kr/år
	24.05.01-02.07.01	387 kWh	41,788 øre/kWh	162,01	Kraftpris	40,920 øre/kWh
Sum kraftkjøp				285,71	Fastbeløp nettleie	620,00 kr/år
					Nettleie	23,500 øre/kWh
	<u>Periode</u>	<u>Forbruk</u>	<u>Pris</u>	<u>Sum/kr</u>		
Nettleie fastbeløp	03.05.01-01.07.01	59 dager	620,00 kr/år	100,22		
Nettleie energi	03.05.01-02.07.01	690 kWh	23,501 øre/kWh	162,15		
Sum nettleie				262,37		
Totalsum før øreavrunding				548,08		
Å betale				<u>548,00</u>		
		Herav mva		106,08		
		Herav forbruksavgift		77,97		

Fakturamelding



Nyttige telefonnumre  
 vedrørende strømregningen:

Kundetelefon: 815 33 933

Nettinformasjon: 810 30 740

Viðbót á reiknig frá Bkk til fróðleiks.

Í ágúst 1998 hefði reiknigurinn litið svona út.

Kraftpris	0,237 kr/kWh	690 kWh	163,53 kr. N
Nettleie	0,185 kr/kWh	690 kWh	127,65 kr. N
Fast gjald heild.	695 kr/ár		112,34 kr. N
		<b>Samtals</b>	<b>403,52 kr. N</b>

Hækkun á reikn. er um 36%.

Á Íslandi Í ágúst 1998 hefði reiknigurinn litið svona út.

Heildarverð A1	6,62 kr/kWh	690 kWh	4.568 kr. Ísl.
Fast gjald	3042 kr/ár		492 kr. Ísl.
			<b>5.060 kr. Ísl.</b>


Í ágúst 2001 lítur reiknigurinn svona út.

Heildarverð A1	7,32 kr/kWh	690 kWh	5.051 kr. Ísl.
Fast gjald	3361 kr/ár		543 kr. Ísl.
		<b>Samtals</b>	<b>5.594 kr. Ísl.</b>

Hækkun um 11%.

*Agnar Arneson*

# Flutningskerfið 2002



**Háspennulína**

- 220 kV
- ===== 132 kV
- ===== 66 kV
- 33 kV
- < 33 kV

- Vatnsaflstöð
- ⊗ Gufuaflstöð
- ▲ Aðveitustöð
- ▣ Stóriðja